

## REGLUGERÐ

### fyrir Heilsuverndarstöð Akureyrar.

#### 1. gr.

Heilsuverndarstöðin er staðsett á Akureyri og starfssvæði hennar er Akureyrarbær. Starfssvæðið má stækka, ef um það semst milli stjórnar stöðvarinnar og sveitarfélaga utan Akureyrar.

Heilsuverndarstöðin má veita þjónustu öðrum en þeim, sem búsettir eru á starfssvæði stöðvarinnar, og fer um þá þjónustu samkvæmt reglum, sem stjórn stöðvarinnar setur og ráðherra staðfestir.

#### 2. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Akureyrar er fyrst um sinn heilsuvernd í eftirlögdum greinum:

1. Mæðravernd. (Eftirlit með barnshafandi konum).
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit. (Heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Berklavarnir.
5. Kynsjúkdómavarnir.
6. Almennar sjúkdómavarnir.

Enn fremur bæjarhjúkrun og heilsuvernd í öðrum greinum, sem upp eru taldar í 2. gr. laga um heilsuvernd nr. 44 1955.

#### 3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Akureyrar skipa þrjú menn. Ráðherra skipar einn mann, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Bæjarstjórn Akureyrar skipar einn mann og Sjúkrasamlag Akureyrar skipar einn mann.

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði Bæjarstjórnar Akureyrar. Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar skipuleggur alla starfsemi stöðvarinnar og ákveður um framkvæmdir og störf samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar.

Stjórnin ræður starfslíð að stöðinni eftir því, sem þörf krefur og má ráða hjúkrunarkonu eða ljósmóður að stöðinni til þess að sjá um daglegan rekstur undir umsjón lækna stöðvarinnar og stjórnar hennar.

#### 4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa sérstakan fjárhag og reikningshald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44 1955.

Verði starfssvæði Heilsuverndarstöðvarinnar stækkað, fer um þátttöku sveitarstjórn (sveitarsjóða) og sjúkrasamlaga, sem aðild fá að Heilsuverndarstöðinni, í reksturskostnaði hennar eftir samningum við sveitarstjórnir.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 44, 1955 um heilsuvernd, öðlast þegar gildi.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. marz 1971.*

Eggert G. Þorsteinsson.

*Páll Sigurðsson.*